

Sp.

563. Tillaga til þingsályktunar

um bann gegn vinnautn í skólum ríkisins.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja algert bann við allri áfengisnautn í skólabyggingum landsins og alveg sérstaklega, þegar kennarar og nemendur skólanna eru þar saman komnir.

Greinargerð.

Í langflestum skólum landsins eru það óskráð lög, að nemendur og kennarar hafi þar aldrei vín um hönd. Samt eru til mjög áberandi undantekningar frá þessari reglu. Til eru þær menntastofnanir, sem taka á móti nýjum nemendum með almennum áfengisgleðskap, og þykir þá hlýða, að kennarar skólans og nokkrir af eldri nemendum taki þátt í vinveizlunum. Er naumast hægt að áfella nýsveina í slíkum skólum, þó að þeim finnist þessar móttökur benda eindregið í þá átt, að í þessum menntastofnunum sé ætlað til, að þeir „drekki óspart lífsins vín“. Á sérstökum tyllidögum, svo sem um áramót, ber við í íslenskum skólum, að mörg hundruð manna, aðallega ungar konur og karlar, eru á áþreifanlegan og óviðeigandi hátt undir áhrifum áfengis, enda taka þá kennarar og eldri nemendur þátt í hófinu. Þar sem vinnautn kennara og nemenda er orðin föst og viðurkennd venja, er fylgt sömu reglu, ef reglu skyldi kalla, við nemendaafmæli og hópferðir og engu síður þær, sem talið er, að farnar séu í sambandi við kennsluna.

Ef vinnautn kennara og nemenda á að vera föst tilhaldsvenja í sumum af menntastofnunum þjóðarinnar, hlýtur sú tilhögun að leiða til þess, að samdrykkja verður að fastri venju í mörgum af skólum landsins. Með þessari tillögu er ríkisstjórninni bent á einfalda og augljósa leið til þess að verja heiður íslenskra uppeldismála. Til þess að má drykkjuskaparblettinn af öllum skólum, sem ríkið starfrækir eða styrkir, þarf ekki annað en að ríkisstjórnin leggi eindregið og undanþágulaust bann gegn því, að nemendur og kennarar hafi vinveitingar um hönd í skólum landsins eða á öðrum stöðum, þar sem kennarar og nemendur eru saman við nám eða á gleðifundum.

Þó að tillaga þessi verði að líkindum ekki útrædd á þessu þingi, þar sem brátt mun draga að þingslitum, er efni hennar alkunnugt bæði þingi og ríkisstjórn. Er þess skemmst að minnast, að einn af talsmönnum stærsta þingflokksins lét nýlega svo um mælt í þingræðu, að sú vinnautn í skólum, sem hér er áttalin, sé hættulegasta uppspretta ofdrykkju á Íslandi. Ríkisstjórnin þarf vitanlega ekki að biða eftir formlegri samþykkt um svo sjálfsagða endurbót, heldur hefur hún það í hendi sinni að tilkynna öllum forráðamönnum íslenskra menntastofnana, að frá byrjun næsta skólaárs verði allt áfengi að vera útlægt úr skólum landsins.